



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2023

2305033SA VRB  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um breytingar á kosningalögum, 497. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um breytingar á kosningalögum, 497. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum sé lækkaður úr 18 árum í 16. Jafnframt er sú skylda sett á landskjörstjórn að hún tryggji að nýir kjósendur fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum. Með nýju bráðabirgðaákvæði er einnig gert ráð fyrir að ráðherra skuli koma til framkvæmda markvissum aðgerðum til að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum og styðja við grasrótastarf ungmenna þar sem þau læra að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum.

### **Afstaða sambandsins**

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur það lengi verið í umræðunni hvort að tilefni sé til að lækka kosningaaldur. Á 151. löggjafarþingi var tillaga um lækkan kosningaldurs til umræðu. Þegar umsagnir við þáverandi frumvarp eru skoðaðar sést vel hversu skiptar skoðanir eru á málinu. Hvað sveitarfélögin varðar þá eru umsagnir sveitarstjórna heilt yfir neikvæðar. Jákvæðari tón má sjá í umsögnum ungmennaráða sveitarfélaganna þó að þar séu skoðanir einnig skiptar. Þeir sem leggjast gegn breytingunni benda iðulega á að kjörgengi miðist við 18 ár og að rétt sé að kjörgengi og kosningaréttur fylgist að. Þeir sem eru hlynntir breytingunni benda aftur á móti á að einstaklingar verða skattskyldir við 16 ára aldur og því sé eðlilegt að miða kosningaaldur við þann aldur. Jafnframt er bent á þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár þar sem aukin áhersla er lögð á réttindi barna, þ.m.t. rétt þeirra til að hafa áhrif á sitt eigið líf og samfélagið í heild.

Á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ekki verið mótuð stefnu um það hvort að rétt sé að lækka kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum í 16 ár. Hins vegar er í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 m.a. að finna eftirfarandi markmið:

Sambandið haldi áfram að byggja upp þekkingu í sveitarfélögum á markvissum aðferðum til íbúasamráðs og -þátttöku á grundvelli handbókar sambandsins og stefnumótandi áætlunar um málefni sveitarfélaga.

Sambandið beiti sér fyrir því að auka kosningaþátttöku og almenna lýðræðisþátttöku allra íbúa. Lögð verði sérstök áhersla á þekkingaruppbyggingu og aðgerðir til að ná til íbúa af erlendum uppruna og ungs fólks og aðgerðir til að auka kosningaþátttöku og lýðræðislega virkni þessara hópa, í gegnum tilheyrandi ráð og aðgerðir.

Sambandið styðji við að sveitarfélögin komi upp virkum ungmennaráðum og auki samráð við börn og ungmenni. Stjórn sambandsins fundi með ungmennaráðum sveitarfélaganna um málefni sem þau vilja að sambandið vinni að.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands var kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum á árunum 1962 – 2002 á bilinu 82-87%. Árið 2006 fer hins vegar að halla undan fæti og kosningaþátttaka í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2022 var einungis 62,8%. Ef yngsti aldurshópurinn er skoðaður, þ.e. 18-29 ára, kemur í ljós að kosningaþátttaka hans var eingöngu 46%. Ljóst er því að grípa þarf til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróuninni við. Eins og fram kemur í fyrrgreindum stefnumarkmiðum er sambandið boðið og búið að taka þátt í slíkri vinnu, hvort sem hún fer fram á vettvangi þingsins, ráðuneyta eða landskjörstjórnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Valgerður Rún Ben.*

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs